


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ	ÍSLE1FL05 - fjarnám	
Síða 1 af 3		

Kennari	Snorri Björnsson	Sk.st.	SNO
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður fjallað um byggingu efnisgreina/ritsmíða. Rifjuð verða upp mismunandi hlutverk orðflokka í gerð setninga og málsgreina og hugtök sem að þessu líta. Nemendur þjálfast í notkun hjálpargagna og heimilda til að bæta eigin texta og efla stafsetningarkunnáttu. Lesnar verða smásögur og skáldsaga og farið í helstu bókmenntahugtök. Út frá sögunum verða unnin margvísleg ritunarverkefni t.d. endursagnir, útdrættir, leikgerð sögu og ritdómar. Einnig verða unnin önnur ritunarverkefni s.s. kynningar, viðtöl, atvinnuumsókn og ferilskrá. Verkefnum verður skilað ýmist í ræðu eða riti. Einnig verður lögð áhersla á ýmis konar lestur og framsögn. Í lok áfangans samþætta nemendur kunnáttu sína í framantöldum viðfangsefnum og vinna fjölbreytt verkefni að eigin vali sem reyna á frumkvæði, sköpun og sjálfstæð vinnubrögð.


Hæfniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum ritgerðasmíða
- uppbyggingu ólíkra texta
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast í umfjöllun um bókmenntir
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- helstu atriðum sem varða framsögn

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsa nytjatexta í samfelldu máli með skýrri og skipulagðri framsetningu
- nýta leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að leiðrétta eigin texta
- draga saman aðalatriði í fyrirlesturum og ritmáli og taka saman stuttar endursagnir
- leita upplýsinga úr heimildum og nýta á viðeigandi hátt
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda og skilja algengt líkingamál og orðatiltæki
- beita algengustu bókmenntahugtökum
- nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	ÍSLE1FL05 - fjarnám	
	Námsáætlun haustannar 2016	

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- stunda tungumálanám t.d. með því að nýta sér orðasöfn og algengustu málfræðihugtök
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta ýmis konar handbækur
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Námsgögn:

Dauðarósir eftir Arnald Indriðason. Nota má hvaða útgáfu sem er.

Íslenska eitt, eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006 og síðar).

Kvikmyndin *Málmhaus* (2013) í leikstjórn Ragnars Bragasonar.

Viðbótarefni frá kennara á kennsluvefnum Moodle.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 08.09. – 05.10. RITUN – TÚLKUN Á STYTTRI BÓKMENNTATEXTUM

Íslenska eitt – bls. 52 – 79, 110 – 116 og 125-128.

Farið í byggingu texta og ýmis ritunarverkefni unnin til þjálfunar. Einnig verður farið í mun á talmáli og ritmáli og unnin verkefni í tengslum við túlkun á styttri bókmenntatextum.


Nemendur hefja lestur á skáldsögunni *Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason.

Fyrir þessa lotu er hægt að fá 14%, 6% fyrir kvikmyndagagnrýni og 8% fyrir ritunarverkefni sem reynir á hæfni nemenda eftir fyrstu lotuna.

2. lota 06.10 – 19.10. Stafsetning og málfræði

Íslenska eitt - bls. 129-158.

Rifjuð upp helstu atriði í málfræði og stafsetningu, verkefni sem gildir til einkunnar (8%).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ÍSLE1FL05 - fjarnám Námsáætlun haustannar 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

3.lota 20.10–09.11. BÓKMENNTAHUGTÖK – KJÖRBÓK.

Íslenska eitt - bls. 9 – 29, 52-54 og 86-93.

Farið í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Nemendur skrifa bókmenntaskýrslu um skáldsöguna *Dauðarósir* og taka krossapróf úr sögunni.

Fyrir þessa lotu er hægt að fá 13%, 8% fyrir bókmenntaskýrslu og 5% fyrir krossapróf.

4.lota 10.11 – 30.11. Rökfærsla og ritgerðarvinna.

Íslenska eitt - bls. 216 – 221.


Nemendur vinna rökfærsluritgerð og nýta þar kunnáttu sína úr fyrstu tveimur lotum annarinnar. Fyrst er unnin efnisgrind um valið efni, kennari skoðar og gefur leiðsagnarmat og síðan fullvinna nemendur ritgerðina sem gildir 10% af lokaekunn.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Kvikmynddagagnrýni	Nemendur rýna í kvikmynd og skila skriflegu verkefni um hana.	6%	
Ritunarverkefni	Æfing í ritun	8%	
Krossapróf	Krossapróf úr skáldsögunni <i>Dauðarósir</i>	5%	
Stafsetningarverkefni	Rifjuð upp helstu atriði í málfræði og stafsetningu, verkefni sem gildir til einkunnar (8%)	8%	
Bókarskýrsla	Nemendur skrifa skýrslu um bókina <i>Dauðarósir</i>	8%	
Rökfærsluritgerð	Nemendur skrifa rökfærsluritgerð um efni að eigin vali	10%	
Lokapróf		55%	
		Samtals:	100%
<p>Annað: Öllum verkefnum skal skilað inn á kennsluvefinn Moodle í viðeigandi skilabox og EKKI verður hægt að skila verkefnum eftir að skilafrestur hefur runnið út og skilabox lokast. Nemendur fá umsagnir til baka á kennsluvefnum Moodle.</p>			
<p>Þessi námsáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.</p>			

Dagsetning: 7.9 2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

